



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík 16. október 2018
SFS2018100147
146. fundur
HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Starfsáætlanir frístundamiðstöðva 2018-2019

Hér eru lagðar fram starfsáætlanir frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs, þ.e. Ársels, Gufunesbjar, Kringlumýrar, Miðbergs og Tjarnarinnar.

Starfsáætlanirnar eru unnar út frá stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 og drögum að menntastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig taka þær mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfunum.

Með starfsáætlunum frístundamiðstöðva er m.a. leitast við að koma stefnum sviðsins í framkvæmd í hverfum borgarinnar. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera svo aðgerðaráætlanir út frá starfsáætlunum viðkomandi frístundamiðstöðvar eins og lagt er til í viðmiðum um gæði í frístundastarfi skóla- og frístundasviðs. Þannig hríslast stefnur sviðsins niður í vinnu frístundamiðstöðvanna og þaðan niður á starfseiningarnar.

Margir koma að gerð starfsáætlana frístundamiðstöðvanna og ber þar helst að nefna starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Einnig er stuðst við viðhorfskannanir sem lagðar eru fyrir þjónustuþega og starfsfólk.